

ORKUSTOFNUN

Raforkudeild.

JARÐFRÆÐILEG KÖNNUN LÍNUSTÆÐIS
AUSTURLÍNU OG NÁGRENNIS ÞESS.

eftir

ÁRNA HJARTARSON:

September, 1974

ORKUSTOFNUN

Raforkudeild.

JARÐFRÆÐILEG KÖNNUN LINUSTÆÐIS
AUSTURLÍNU OG NÁGRENNIS ÞESS.

eftir

Árna Hjartarson

September, 1974.

EFNISYFIRLIT

Inngangur	Bls.	1
Tilhögun verksins	"	2
Um einstaka hluta línunnar - Hælar	"	3
A. Skarðsfjörður	"	3
B. Almannaskarð og Skarðsdalur	"	5
C. Papafjörður	"	6
D. Þorgeirsstaðamelar - Volasel	"	7
E. Aurar Jökulsár í horni	"	9
F. Hraunkot - Reyðará	"	12
G. Lónsheiði	"	14
H. Vatnshlið - Seldalur	"	15
I. Álftafjörður	"	15
J. Melrakknes - Hamarsfjörður	"	18
K. Hálsar - Berufjörður	"	20
Starmýrarfjörur	"	23
Um hlutverk jarðfræðings	"	24
Myndasíður	"	27

INNGANGUR

Þessi skýrsla er unnin upp úr athugunum, sem gerðar voru á línustæði Austurlínu, samhliða prófílmælingu, sumarið 1974.

Eftirtalinn mannskapur getur haft gagn af að glugga í skýrsluna:

- A. Stúlkur þær á Teiknistofu OS, sem teikna prófíl Austurlínu.
- B. Þeir, sem ákveða staurastæðu línunnar.
- C. Menn þeir, sem ákveða endanlega legu og byggingu Austurlínu.
- D. Jarðfræðingar, jarðfræðinemar eða leikmenn þeir, sem í framtíðinni fá svipað verkefni og höfundur þessa rits.
- E. Þeir menn á OS, sem með mannráðningar, verkaskipan og verkaskiptingu hafa að gera.

Sá hluti skýrslunnar, sem teiknurunum við kemur, er kaflarnir um einstaka hluta línunnar, einkanlega það sem sagt er um línustæðið við hvern hæl. Ég hygg, að þar fáiast gagnlegar viðbætur við þær stopulu upplýsingar um jarðvegsgerð og jarðvegsþykkt á línustæðinu, sem er að fá í mælibókunum.

Nefnd sú, eða menn, sem ákveða endanlega legu og byggingu Austurlínu, álít ég að geti heyjað sér nokkurn fróðleik í köflunum um hina ýmsu línuhluta, þar sem fjallað er um línustæðið á afmörkuðum svæðum, rætt um hættu á hruni og skriðum, ísingu og snjóflóðum, vatnagangi o.þ.h. Einnig er þar minnzt á atriði eins og vegi, síma og rafmagn, þegar taka þarf tillit til þeirra, svo og náttúruverndarsjónarmið.

Ennfremur vonast ég til, að eitthvert gagn megi hafa af ljósmyndunum hér aftast.

Þeir, sem ákveða staurastæðin, hafa örugglega gagn af sömu köflum til viðbótar þeim upplýsingum, sem þeir lesa af prófílum.

Þeir menn, sem í framtíðinni fá svipað verkefni og skýrsluhöfundur hafði í sumar, geta í kaflanum um hlutverk jarðfræðings fundið heilræði og athugasemdir, sem meinlaust er að hafa í huga í þessari vinnu. Auk þess ættu þeir að kynna sér skýrsluna í heild, sem fyrirmynd eða víti til varnaðar, þegar þeir sjálfir skrifa sams konar pappír.

Þeir, sem fara með mannaáðningar, verkskipan og verkaskiptingu á OS, geta í köflunum um hlutverk jarðfræðings og tilhögun verksins, kynnt sér viðhorf höfundar og reynslu í þessu starfi, sem honum var búið. Ég vona, að þeir geti haft af því nokkurt gagn.

TILHÖGUN VERKSINS

Vinna við mælingu Austurlínu hófst í júnílok 1974. Upphaflega var einungis gert ráð fyrir að setja út og mæla kaflann frá Hornafirði til Djúpavogs. Síðar var ákveðið að halda áfram og stefna að því að mæla allt að Grímsárvirkjun.

Mælingaflokkur frá OS sá um mælinguna. Hann skipaðu: Árni Árnason, skrifari, Árni Hjartarson, jarðfræðingur og skrifari, Finnbogi Jónsson, mælingamaður, Sigurður Guðlaugsson, stangarmaður. Tryggvi Þórðarson, stangarmaður og Þórhallur Ólafsson, mælingamaður.

Guðmundur Hannesson, yfirverkstjóri hjá Rafmagnsveitum ríkisins, valdi línustæðið með aðstoð mælingaflokksins. Mælingunni sjálfri var þannig hagað, að tveir menn fóru á undan og hælasettu. Jarðfræðingur hópsins fylgdi

þeim eftir og skrifuðu niður athugasemdir sínar, kannaði jarðvegsdýpt og annað sem honum þótti máli skipta. Auk þess hafði hann það verk með höndum að fá samþykki viðkomandi landeigenda fyrir línustæðinu. Notaði hann þá jafnan tækifærið og spurðist fyrir um ísingarhættu, vatnagang, skriðuföll, snjóflóð og annað það sem máli gat skipt fyrir línulögnina. Samskiptin við bændur eru góð og sá háttur, að semja við þá áður en eða um leið og mælingin fer fram, sjálf-sagður.

Þrjú menn voru stöðugt við prófílmælingu. Þeir dróust að vonum jafnan aftur úr hinum. Þegar bilið var orðið óhæfilega breitt tóku hælasetningarmenn og jarðfræðingur til við prófílmælingu. Þetta reyndist góð verktilhögun.

Skjálftamælingar á jarðvegsþykkt voru engar gerðar. Hins vegar kannaði jarðfræðingur flokksins jarðvegsþykktina með 2 m stálteini, sérsmíðuðum hjá Vélsmiðju Austurlands á Höfn. Kostaði sá 128,00 kr.

Slæm veðráttu og óhæfileg bílavandræði töfðu mælinguna úr hófi og ollu því að ekki varð mælt nema inn á Fossárvík í Berufirði. Hælasett var upp á Öxi. Hins vegar hefur línustæðið sjálft verið ákveðið og sett út allt niður að Gilsá á Héraði og bændur samþykkt það.

UM EINSTAKA HLUTA LÍNUNNAR - HÆLAR

A. SKARÐSFJÖRÐUR

Fyrsti hluti línunnar sem mældur var í sumar hefst austan við bæinn Dynjanda í Nesjahreppi. Þar liggur línan undir snarbröttum ógrónum skriðuorpnum hliðum Skálarhnjúks. Í fyrstu er línan í 50-60 m fjarlægð frá skriðufætinum og liggur nýleg grjótdreif yfir línustæðið.

Girðing sem liggur með fjallinu nokkuð vestan við línu-
endann hefur orðið fyrir talsverðu hnjaski af grjót-
flugi úr hnjúknum. Ég tel þó auðvelt að koma í veg
fyrir tjón á raflínunni vegna grjótflugsins með því að
hlaða vel að staurum þeim sem lenda næst hliðinni.
Línan fjarlægist fjallið eftir því sem austar dregur.
Ekki eru nema svo sem 300-400 fyrstu metrarnir í hættu
af hruninu. Ekki er talin hættu af ísingu eða snjó-
flóðum á þessu svæði (Sjá mynd 1).

Hælar AL.025 - AL.035

- AL.025 Halla mýri M2 - vallendisgrundir, smálækir.
Grjót dreif úr fjallinu Skálarhnjúk nær yfir
línustæðið frá AL.025 eru 56 m til hliðar í
snarbratta ógróna gabbróskriðuna á hnjúknum.
Hætta á hruni. Grýttur jarðvegur.
- AL.026 er á austurbakka lækjar. Vallendisgrundir -
hallamýri M2. Línan fjarlægist fjallshliðina.
Hætta á hruni minnkar og hverfur svo. > 2 m á
klöpp. Víða grjót í jörð, oft stórgrýti.
- AL.027 er um 33 m frá síma. Hallamýri M1- klöpp -
lækjargil. Þjóðvegur skorinn.
- AL.028 Grýttar vallendingsgrundir, víðast grunnt á
skriðu. Tveir lækir og ein gömul malarnáma
skorin.
- AL.029 Á lækjarbakka rétt við síma.
Lækur - sími skorinn - vallendingsgrundir
> 2 m á fast. - lækur.

- AL.030 Ca 50 m í sjávarmál.
Valllendismóar - lækur - valllendismóar - upp-
blástursvík - valllendismóar > 2 m á fast.
- AL.031 Á lækjarbakka ca 50 m frá sjávarmáli. Uppblásturs-
vík - vallendisgrundir > 2 m á fast. Línustæðið
fjarlægist strönd.
- AL.032 Sími í 70 m fjarlægð, fjarlægist.
Uppblástursvík - klappir - deigir móar.
Víðast >2 m á fast. 2 lækir.
- AL.033 er rétt til hliðar við klapparholt.
Deigir móar >2m á fast. Smálækir skornir.
- AL.034 100 m í strönd og fjall. Sama land og áður.
Klappir skammt ofan línustæðis.
- AL.035 Uppblástursvík með klöppum. Allstaðar grunnt á
möl og/eða klöpp.

B. ALMANNASKARÐ OG SKARÐSDALUR

Almannaskarð er um 150 m hátt yfir sjó þar sem það er
hæst í suðurenda Skarðsdals. Línan mun fara beint neðan
frá Skarðsfirði þvert upp hliðina um skriður og kletta,
upp í skarðið. Þar lendir hún rétt austan við útsýnis-
planið í skarðinu. Ekki kemur hún til með að spilla
útsýninu svo nokkru nemi, þar sem fegust útsýnið er til
vesturs. Í austri er hins vegar forljót herstöðin á
Stokksnesi. Niður Skarðsdalinn gengur línan um grónar
skriður og urðir fyrst með austurhliðinni en fer yfir
dalinn um hann miðjan og þræðir sig þaðan með vestur-
hliðinni. Engar hættur steðja að þessum hluta línunnar
hvorki skriður, vötn, snjóar eða ísing. (sjá myndir 2,
3 og 4).

HÆLAR AL.036 - AL.048

- AL.036 Horn. Hæll stendur . uppblástursbarði > 2 m á fast.
Gróin skriðukeila fr læk. Sími skorinn,
(Heimtaug að Horni).
- AL.037 er við veginn að Sto ksnesi. Vegur skorinn. Horn landsímans í 30 m fjarlægð. Hann fjarlægist þó fljótt. Gróin skriða - klettur - ógrónar skriður - klettur.
- AL.038 er horn í Almannaskarði. Hálfgrónar skriður og melar utan í hlið. Líklega djúpt á klöpp.
- AL.039. Eins og AL.038. Einn lækur, skorinn.
- AL.040 Hálfgrónar skriður. Nokkur hliðarhalli. Tveir lækir skornir. Líklega djúpt á klöpp.
- AL.041-AL.048 Alls staðar skriða rétt undir yfirborði. Líklega víðast djúpt á klöpp.

C. PAPAÞJÖRDUR

Línan fer yfir Fjarðará 50 - 100 m ofan brúar. Í eyrum árinna er mikið líparít og djúpberg. Þar eru því lausar í sér og talsverð hreyfing í árbotninum, þegar Fjarðará er í vexti. Ef staurar lenda í eyrunum innan varnargarðsins, þarf að hlaða tryggilega að þeim. Síminn fer yfir ána nokkru neðan við raflínuna. Tveir staurar standa í eyrunum. Annar er við aðalálinn. Þar er talsvert farið að étast utan úr kerinu um staurinn.

Austan til við ána er varnargarður. Fyrir utan garðinn fer línan um fornar eyrar árinna. Þegar lengra dregur út með Papafirðinum, lendir hún upp undir rótum Fjarðarheiðar.

Þar er á kafla smávægileg skriðuhætta. Ekki töldu bændur ísingarhættu við Papfjörð (Mynd4).

HÆLAR AL.049 - AL.062

- AL.049 er á vesturbakka Fjarðarár.
Áreyrar, áin flæmist yfir allt svæðið árlega.
- AL.050-AL.052 Hálfgrónar eyrar.
- AL.053 Hálfgrónar áreyrar - hallamýri (M 2), möl undir - skriðukeila lækjar - lækur.
- AL.054 Horn í skriðukeilu. Sími í meira en 100 m fjarlægð, en fer að nálgast grónar skriður og skriðukeilur skammt frá fjallsrótum.
- AL.055 Sama land. Einn lækur skorinn. Örugglega alls staðar djúpt á klöpp.
- AL.056 Sama land. Tveir lækir.
- AL.057 Skriðukeila, skriðuhætta.
- AL:058 er í skriðukeilunni; utan í henni er lækur. Þar er skriðuhætta - grónar skriður rétt við fjallsrætur, smávægileg hrunhætta. Stórgrýti alls staðar undir.
- AL.059 vantar.
- AL.060 Grónar skriður með stórgrýti, smá hrunhætta.
- AL.061 Stendur í allstórgrýtttri skriðukeilu, ögn upp í fjallshlíðinni. Línan fer strax niður að fjallsrótum aftar í gróna stórgrýtta skriðu. Sums staðar grunnt á klöpp.

D. ÞORGEIRSSTAÐAMELAR - VOLASEL

Fyrri hluti þessa línukafla er upp undir Fjarðarheiðinni. Þar skiptast á skriður og klappir. Línan fjarlægist fljótt heiðina og gengur út yfir eyrar Þorgeirsstaðaár. Þetta er lítil á og enginn vegartálmi. Þegar yfir ána er komið, er sléttlent votlendi og leirur yfir að fara.

Víða standa þó klappir og hvalbök upp úr jarðveginum.
Engin ísing (Myndir 5 og 6).

HÆLAR AL.062 - AL.078

AL.062 Horn í klöpp. Sími í ca. 80-100 m fjarlægð.
Gróin stórgrýtisurð, víða grunnt á klöpp. Lækur.

AL.063-AL.065 Sjá mælibækur.

AL.066 við veg. Smágrýttur lakjarframburður - mýri (M 2) -
rennblaut mýri M 3 og uppistöðupollar. Víðast um
1 m á mól.

AL:068-AL:078 Sjá mælibækur.

AL.071 Mýri (M 2). Víðast 1- m á fast. Tveir skurðir.
Klettaborgir eru rétt ofan línustæðisins.

AL.072 Ógrónar leirur, sem sjá getur gengið yfir á
flóði.

AL.073 Melar - smátjörn - melar.

AL.074 Rennblaut mýrarfen (M) - síðan ögn þurrara (M 2).
1-1 1/2 m á fast fyrst en dýpkar í átt til AL.075.

AL.075 er við leirudýki, sem gengur frá leirunum við
fjörðinn. Dýkið - mýri M 3 - mýri M 2, 1-2 m
á fast.

AL.076 Tjörn - klappir, oftast 1-2 m á fast.

AL.077 er í klöpp. Þaðan skiptast á mýrar og klappir.

AL.078 klappir, mýrar og pollar skiptast á.

E. AURAR JÖKULSÁR Í LÓNI.

Hjá bænum Volaseli sveigir línan út á flatlendið í kring um Jökulsá í Lóni. Til að byrja með er farið yfir lönd þeirra Volaselsmanna. Þar er Volaselskvísl skorin. Meinlaus á. Viðast er um 1/2 m þykkur jarðvegur. Þar undir eru gamlar eyrar. Þá er farið yfir Lambeyjarkvíslina, en svo nefnist Laxá í Lóni, eftir að kvísl úr Jökulsá hefur sameinast henni innan við Volasel. Eyrar hennar eru líparítblandnar og því nokkuð lausar í sér. Fyrir handan Lambeyjarkvíslar taka fyrst við þurrir bakkar, svokallað Krossaland, en síðan rennblautar mýrar og lón. Handan við þetta votlendi er svo komið út á ógróna aura Jökulsár meira og minna líparítblanda. Yfir þetta svæði, sem er um 1200 m breitt, flæðir áin árlega. Upp af miðjum aurunum rís lítill kletthöfði, Þorvaldshöfði, 5-6 m yfir umhverfið. Í hann fer línan, og þar er á henni horn.

Aðaláll Jökulsár hefur hin síðari ár legið um 600 m austan við Þorvaldshöfða. Á þeim slóðum eru við ána grónir sandhólar fornir, sem áin rennur á milli. Sums staðar hefur hún grafið í þá allháa rofbakka. Þó mun óhætt að slá föstu, að þeir rofna ekki niður á næstu áratugum.

Línustæðið liggur yfir einn þessara sandhóla á vesturbakka meginkvíslarinnar. Hinum megin árinna eru lágir grónir bakkar. Ætla má, að þetta sé nokkuð traust línustæði.

Þegar austar dregur, er aftur komið út á eyrar. Hér eru þær að byrja að gróa upp, því að nýlegur varnargarður, einum kílómetra ofar með ánni heldur henni frá þessu svæði. Jökulsár hafa þá náttúru að rása til og frá um aura sína, en tolla aldrei lengi í sama farveginum. Því veldur hið mikla aurmagn, sem þessar ár bera með sér og hlaða undir sig.

Jökulsá í Lóni rennur nú nálægt austurjaðri þess svæðis, sem hún getur farið um. Hún mun því fara sig til vesturs, þegar að því kemur að hún flytur sig til. Sandurinn er mjög lágur og sléttur á þessum slóðum, svo að áin getur ekki grafið sig djúpt í hann. Hámarksdýpt ála er 2-3 m.

Það verður að gera ráð fyrir því, þegar línan verður reist á sandinum, að áin breyti um farveg og að álar geti myndast hvar sem er.

Smávægileg jökulhlaup hafa komið í eina af þeim kvíslum Jökulsár, sem úr Vatnajökli koma. Lítið kveður þó að þeim hlaupum, þegar niður í Lónið er komið. Eitt sinn lá símalína yfir Jökulsaurana á svipuðum slóðum og mælt var fyrir Austurlínuninni. Bændur segja, að fyrstu árin hafi hann orðið fyrir nokkrum skakkaföllum af völdum fljótsins, en hin síðari ár hans á aurunum hafi menn verið búnir að ganga þannig frá honum, að hann stóð af sér flest áhlaup þess. Línan var flutt og lögð um sveitina og yfir ána hjá brúnni, þegar að því kom að sími var settur á hvern bæ.

Lítil ísing er á Jökulsáraurum. Til dæmis bar miklu miuna á ísingu á símanum, þegar hann lá yfir þá, heldur en þar sem hann er nú (Myndir 6-7).

HÆLAR AL.079 - AL.096

AL.079 er um 100 m sunnan við gamla bæinn á Volaseli. Hællinn stendur á klappaholti. Síðan kemur í mýri, svo í tún eða engi, 1/2 m á möl.

AL.080 stendur á bakka Volaselskvíslar. Handan árinna er mýrlendi og deigt þýfi á köflum. Viðast er um 1/2 m á möl, stundum grynna.

AL.081 er á bakka gamals áróss. Þar stendur uppi vatn. > 2 m á möl. Handan við ósinn eru deigar engjar

- með starar- og vatnsnálarpollum. > 2 m á möl. Mitt á milli AL.081 og AL.082 er dálítil tjörn um 50 m breið. Stör og vatnsnál vaxa með bökkum, en autt vatn í miðju. Jarðvegur kringum tjörnina er grautlinur.
- AL.082 er á skurðbakka. Þá kemur nýleg sáðslétta. Skurður skiptir henni í tvennt, >2 m á fast. Jarðvegur er leir- og sandkenndur.
- AL.083 er við Lambeyjarkíl. Aðaláll fyrst síðan minni álar, líparítblandnar eyrar á milli.
- AL.084 Þurrir og harðir bakkar Krossalands. Línan fer á einum stað yfir töftarbrot gömul. Síðustu 50 m er deig mýri. Dýpi á fast >2 m, nema rétt fyrst austan við AL.084.
- AL.085 Mýri (M2) - rennblaut mýri og fen (M3) - deig mýri (M1).
- AL.086 Deigir móar - aurar Jökulsár með strjálum gróðri víða sendin. Hvergi yfir 1/2 m á möl. Lítil all skorinn.
- AL.087-AL.089 Gróðursnauðir jökuláraurar. Árlega undirlagðir af ánni. Margir smáálar skornir.
- AL.090 Horn í Þorvaldshöfða. Hællinn stendur í klöpp. Síðan halda jökuláraurarnir áfram. Þrjár álar skornir.
- AL.091 Grónir bakkar og hólar úr fínum sandi og leir. Tveir álar skornir.
- AL.092 er á grónum sandhól við meginál Jökulsár. Austan við álinn er sléttur gróinn valllendisbakki, >2 m á möl. Þá eru 2 álar skornir, eyrar á milli.
- AL.093-AL.095 Jökuláraurar ögn farnir að gróa upp. Áin hefur ekki farið hér um síðan varnargarðarnir, sem eru um 1 km ofar með ánni, voru gerðir.
- AL.096 Stendur á valllendisbakka, austan við eyrarnar. Síðan koma upp ræktaðar eyrar.

F. HRAUNKOT - REYÐARÁ

Þegar komið er fram hjá klettaborgunum við Hraunkot, fer línan yfir rennblaut mýrarfen, ill yfirferðar. Víða er þar þó grunnt á klöpp, enda klappaholt og hvalbök á báða bóga. Handan við mýrarnar taka við samfelldar áreyrar allt upp að rótum Reyðarártinds. Eyrarnar eru ættaðar frá þremur smáám, Hlíðará Karlsá og Reyðará. Allar eru eyrarnar mjög blandnar líparíti og djúpbergi. Karlsá og Reyðará ná ekki til sjávar nema í vatnavöxtum, annars síga þær niður í eyrarnar og hverfa.

Símalína gengur samsíða raflínustæðinu yfir eyrarnar, en 200-300 m utar. Ástæða hefur þótt til að hlaða rækilega að staurunum. Að sögn hefur síminn staðið vel á þessum slóðum.

Það kemur alloft fyrir, að ós Lónsfjarðarins, Bæjarósinn, stíflist á vetrum. Þá hækkar vatnsborð Lónsins mjög eða þar til það nær rennsli fyrir í Papafjörð, en Papaós stíflast aldrei. Þetta var haft í huga, þegar línustæðið var ákveðið og hún því höfð ofan þessara flóðamarka. Þegar kemur upp undir Reyðarártind, taka við af eyrunum klappir og hvalbök með mýrarsundum á milli. Leiðinlegt land að leggja um rafmagnslínu, sérstaklega í námunda við AL.119. Við skriðorpnað rætur tindsins sveigir línan út með fjallinu. Innan við Svínhóla fer línan af klöppunum og þræðir sig eftir ströndinni út fyrir bæinn í sendnum og djúpum jarðvegi. Síðan beygir línan upp að Lónsheiðinni og fer þar yfir klappir og malarborinn jarðveg. Hv ergi mun umtalsverð ísingarhætta á þessari leið frá Hraunkoti og þaðan af síður af skriðum eða snjóflóðum. (Myndir 8 og 9).

HÆLAR AL.097-AL.138

- AL.097 Horn á upphækkuðum bakka, 1.7 m á mölpurrar hálfgrónar eyrar - þýfð mýri, hálfpurr, >2 m á fast.
- AL.098 Deig mýri (M1) >2 m á fast, þar til á síðustu 100 m, þar sem 1 1/2 - 2 m eru á möl og/eða klöpp.

- AL.100 stendur í rennblautri mýri (M3). Vatn í miðjan legg 1 1/2 m á fast. Síðustu 100 m þýfð mýri (M1), víðast 1 1/2 - 2 m á fast.
- AL.101 Þýfð mýri (M1). Víða um 2 m á fast. Síðasti kaflinn þurrari, 1m á möl.
- AL.102 stendur rétt við smáá. Sama land og áður fyrst í stað >2 m á fast nema rétt kring um ána.
- AL.103 - AL.117 Á allri þessari leið eru líparít-skoðnar áreyrar. Sums staðar er smájarðvegsþekja, en eyrar alls staðar undir. Bændur eru byrjaðir ræktun á þessum eyrum, og má búast við, að stór flæmi verði tekin til ræktunar á næstu árum.
- AL.118 stendur í klöpp - mýrarsund >2 m á fast.
- AL.119 er í klöpp - mýrarsund oftast >2 m á fast. Klöpp - skriðuorpin klöpp.
- AL.120 stendur í klöpp - deig hallamýri (M1). Allmisdjúpt á fast.
- AL.121 Horn í klöpp upp undir Reyðarártindi, austan Reyðarár. Klappir - deig hallamýri. Steinadreif úr fjalli.
- AL.122 Í klöpp - þurr rofabörð með vallendisgróðri 1-1 1/2 m á fast. Sími og vegur skornir.
- AL.123 Í klöpp, 22 m neðan vegarmiðju. Hér fer línan niður af klöppunum. Þá er komið á harðbalagrunDIR með malar- og sandbornum jarðvegi >2 m á fast. Steinadreif úr fjalli.
- AL.124 á sjávarbakka, 47 m neðan símalínu. Harðbali-mýrarsund. >2 m á fast.
- AL.125 á lækjarbakka - lækur - hallamýri - harbala-grundir. >2 m á fast.
- AL.126 á sjávarbakka - gróið vik í grundirnar inn

inn frá sjónum, lækur fyrir miðju, annars þurrt og hart land, mól undir.

AL.127 Hallamýri - túngirðing - tún. Malar- og sand- kenndur jarðvegur. Órækt í túni >2 m á fast.

AL.128 Óræktartún óáborið og í sinu, skurður skorinn.

AL.129 87 m í símalínu. Nytjað tún. Skurður skorinn. Línan lendir 30-40 m neðan við bæjartóftirnar á Svínhólum, >2 m á fast.

AL.130 Nytjað tún - gamall vegur - óræktartún, >2 m á fast.

AL.131-AL.138 Sjá mælibók.

G. LÓNSHEIÐI

Næsti línukafli liggur um Lónsheiði. Lónsheiði er 400 m hár fjallvegur, milli Lóns og Álftafjarðar. Um hana liggur þjóðvegurinn (Hann mun þó eiga að fara á næstunni). Síminn ferlog yfir heiðina.

Hið melda línustæði er hrjóstugt. Þar skiptast á klettar, klappir, skriður og urðir. Heiðin er snjóþung og komið hefur fyrir, að síminn hafi farið í kaf. Ísingarhætta er ekki mikil og skriður og snjóflóð afar fátíð. (Myndir 10-14).

HÆLAR AL.139 - AL.179

AL.139-AL.179 eru allir í hrjóstrugu landi. Jarðvegur er þunnur, og skriður og klappir eru alls staðar rétt undir yfirborði.

Rétt neðan við AL.179 er um tvær leiðir að ræða með línuna. Annars vegar beint áfram yfir Vatnshlíð, niður Seldal og inn fyrir Álftafjörð og Hvammsfjörð. Hins vegar er möguleiki á að fara Starmýrardal og um Starmýrarfjörur til Djúpavogs. Báðar þessar leiðir voru mældar (Mynd 14).

H. VATNSHLÍÐ - SELDALUR

Um línustæðið yfir Vatnshlíð og niður Seldal þarf fátt að segja. Línan gengur ekki niður Seldal endilangan, heldur fer yfir dálítinn háls við dalsmynnið, svokallaðan Grímshjalla. Sunnan í hjallanum fer línan í einum stað illa yfir djúpt lækjargil. Staurastæðið sunnan við gilið (nálægt AL.191) hlýtur að lenda í talsverðum hliðarhalla, þar sem mjög grunnt er á klöpp. Þó nokkuð umrót mun þurfa þarna í brekkunni, áður en staurar verða settir þar.

Síminn gengur niður Starmýrardal, svo fátt er hægt að segja um ísingu á þessu svæði. Línan gengur eftir endilöngum dalnum og stendur hvergi þvert á ríkjandi vindáttir, svo að líklega er lítil ísingarhætta (Mynd 14).

HÆLAR AL.180 - AL.197.

Um hæla er engu við að bæta frá mælibókum.

I. ÁLFTAFJÖRDUR

Í Álftafirði gengur línan fyrst inn með fjallinu innan við Starmýri. Á kafla lendir hún talsvert nærri því og er þar í smáhættu af skriðum, þar sem hún gengur yfir skriðukeilur úr giljum (Myndir 15,16). Fyrir botni fjarðarins gengur hún þvert fyrir mynni Flugustaðadals, í beinni línu frá botni Leiruvogs, yfir í Hærukollsnes. Á þeirri leið fer hún yfir Hofsá, allstóra dragá, ögn blandaða jökulvatni úr Hofsjökli.

Þegar mælt var fyrir línunni um miðjan júlí 1974 rann áin í fjórum kvíslum á 500-600 m breiðri spildu. Traustlegur grashólmi var á milli miðkvíslanna. Sunnan árinna er nýr varnargarður rétt ofan línustæðisins. Ekki mun áin vera hættuleg rafmagnsstaurum, ef ^{af}skymsamlegu viti er frá þeim gengið.

Hér á árunum áður ljá símalína yfir dalinn á svipuðum slóðum og raflínan skal fara. Ekki minnst bændur þess, að hann hefði orðið fyrir teljandi skakkaföllum af völdum árinna né heldur af ísingu.

Þar sem línan fer yfir Hærkollsnesið, lendir hún dálítið óþægilega ofan í sveitarafmagnslínunni og símanum. Að öðru leyti er línustæðið gott.

Áfram heldur línan þvert fyrir mynni Geithellnadal og sker þar Geithellnaá. Verið var að leggja nýjan veg og smíða brú á ána, þegar við vorum þarna við mælingar. Línustæðið var valið með það í huga, að hægt yrði að hafa staura á varnargörðunum sitt hvoru megin við ána upp frá brúnni, en hún verður um 100 m löng. Þar sem mikið umrót var á eyrunum vegna vegagerðarinnar, þegar mælt var, mun prófíllinn breytast eitthvað (Myndir 15-18).

HÆLAR AL.195-AL.232

- AL.198 Horn. Skriður - framburðarkeila úr gili. Talsverður grjótframburður er úr gilinu og teygjast ungar skriður niður fyrir línustæðið á jöðrum keilunnar.
- AL.199 er á miðri keilunni. Sími er ca. 100 m hér neðar. Ekkert er hlaðið að þeim staurum, standa þó vel.
- AL.200 Grónar skriður og skriðukeilur.
- AL.201 Stórgrýttar skriðukeilur lítt grónar. Sýnilega nokkur skriðuhætta. Síminn fer þó hér um nokkru neðar og virðist standa vel.
- AL.202 Stendur undir símalínu í miðri, fremur stórgrýtttri skriðukeilu. Hálfgrónar skriðukeilur síðan grónari. Vegur og háspennulína skorin.
- AL.203 Vallendisgrundir; grjót undir.

- AL.203 Horn. Á klöppum, klappir - rennblaut mýri (M3)
- síki - hálfþurrir leirbakkar, > 2 m á fast.
- AL.205 Hálfþurrir sléttir leirbakkar. 10-20 m í fjöru.
- AL.206 Mýri M2 fyrst síðan M3 og pollar 3 lækir skornir
> 2 m á fast.
- AL.207 Þurrt engi - girðing - tún eða áborin engjaspilda -
skurður - grónar eyrar sem hugsanlega verða
ræktaðar. Allstaðar grunnt á möl.
- AL.208 Vel grónar eyrar, afgirtar og auðræktanlegar.
- AL.209 Girðing - hálfgrónar eyrar - þurrir harðir leir-
bakkar. Pollur.
Þrjú síðustu númer eru í skjóli við varnargarð við
Hofsá og líklega mun meiningin að rækta þetta
land allt.
- AL.210-
- AL.222 Sjá mælibækur.
- AL.223 er hinu megin við víkina. Hér skiptast á þurrir
grónir hólmar og sund eða síki sem sjór fyllir
á flóði. Grunnt á möl.
Heimreiðin í Múla skorin.
- AL.224 28 m frá vegarmiðju. Engi - tún frá Múla.
- AL.225 Horn. Síki - þurrir harðir bakkar.
- AL.226 34 m í vegmiðju. Harðir bakkar - eyrar Geithellna-
ár - líparít skotnar.
- AL.227 25 m í vegarmiðju. Áreyrar. Hér rann Geithellnaá
þegar mælt var.

- AL.228 Áreyrar. Hér mun brúin nýja á Geithellnaá koma. Línan lendir 21,5 m frá brúarmiðju.
- AL.229 16.5 m í vegarmiðju. Áreyrar, ræktanlegar.
- AL.230 Girðing - tún frá Geithellum. Vegur fjarlægist.
- AL.231 Stendur á skurðbakka. Tún - girðing sími og þjóðvegur skornir.
- AL.232 Skriður. Háspennulína skorin.

J. MELRAKKANES - HAMARSFJÖRDUR

Línustæðið um Melrakkane er nær allstaðar grýtt og hrjóstrugt. Út með Álftafirði lendir hún í talsverðum hliðarhalla og klungri fyrir ofan bæinn Blábjörg. Þar sem farið er fyrir nesið gengur línan um kletta og klungur (AL.269-AL.283) þar er land heldur illt yfirferðar (mynd 20) Um línustæðið inn með Hamarsfirði er svipaða sögu að segja. Þar skiptast á mýrarsund og klettahjallar. Farið er yfir Hamarsá rétt neðan brúarinnar þar sem áin helst stöðug og örugg í farvegi sínum og kemur ekki til með að valda neinum vandræðum. Út með Hamarsfirði að norðan fer línan um skriður og klettahjalla og gengur samsíða sveitarraflínunni alla leiðina út fyrir Strýtu.

Inn við fjarðarbotn að norðan lendir línan illa í símanum. Þar verður ekki komist hjá því að færa hann. Út með firðinum liggur línan oft nærri símanum en hjá því verður aldrei komist vegna landþrengslanna.

Um ísinguna er það að segja að út með Álftafirðinum var algengt að síminn yrði fyrir skakkaföllum sérstaklega í námunda við Blábjörg. Hann var svo fluttur nær fjallinu og síðan hefur minna borið á ísingunni. Raflínan

liggur á þessum slóðum upp við fjallsræturnar og skyldi maður því ætla að henni sé þar all vel borgið. Ekki er umtalsverð ísingarhætta við sunnanverðan Hamarsfjörð eða fyrir fjarðarbotninum en út með firðingum að norðan hefur borið talsvert á ísingu allt út undir Strýtu. (Myndir 20 og 21)

HÆLAR AL.233-AL.

AL.233- Sjá mælibækur.
AL.238

AL.239 Hallamýri (m). Hér lendar línan rétt við fjögurra metra háa klettaborg á 50 m kafla.

AL.240- Sjá mælibækur.
265

AL.266 Horn í mýri hjá Melrakkanesi 1 1/2 m á fast.

AL.267 er utan í klapparholti neðan við Melrakkanesbæinn - klöpp - valllendismóar > 2 á fast vel ræktanlegt land. Línan er samsíða vegarskurði í 6-7 m fjarlægð.

AL.268- Sjá mælibækur
304

AL.305 Eyrar - Hamarsá skorin rétt neðan brúar - eyrar.

AL.306 Horn rétt vð raflínu og brú.Eyrar,sem hugsanlea verða ræktaðar.

AL.307 Sama land.

AL.308 Grónar eyrar. Tveir álar, sem sjór gengur í á flóði eru skornir.

AL.309 Grónar eyrar; áll, sem sjór gengur í á flóði - þjóðvegur - grýttur hjalli.

AL.310 Gróin urð.

AL.311 Klappir - sími skorinn.

- AL.312 Horn. Klöðð - gróin urð. Sími skorinn illa. Hér barf að færa símann. Heáðn gengur línán samsíða raflínunni út allan Hamarsfjörð í 25 m fjarlægð.
- AL.313 er 4-5 m neðan við símann. Gróin urð.
- AL.314 er á klettabrún. Hár klettahjalli - gróin skriða - sími skorinn.
- AL.315 Lækur - vallendisgrundir, skriður undir. Sími fjarlægist.
- AL.316- Sjá mælibækur.
AL.344

K. HÁLSAR - BERUFJÖRDUR

Utan við bæinn Strýtu í Hamarsfirði beygir línán yfir hálsinn milli hans og Berufjarðar. Hálsinn er lágur, þar sem farið er yfir hann, ca. 100 m. Línustæðið er gott. Upp frá Hamarsfirði eru brattari klettabrekkur, en þegar upp á hálsinn er komið, er hann auðveldur yfirferðar og liggja aflíðandi brekkur niður að Berufirði.

Auðvelt er að koma vinnuvélum upp á hálsinn þá leiðina.

Á horninu, þar sem línán sveigir inn Berufjörð, mundi koma aðveitustöð fyrir Djúpavog. Þarna er kjörið stæði fyrir slíka stöð, sléttir malarvellir.

Inn með Berufirðinum er línustæðið víða á afar hrjóstrugu landi. Í námunda við bæinn Urðarteig, fer línán til fjalls og fylgir þar breiðum stalli í hlíðinni. Stallinum hallar niður á við inn fjörðinn og í námunda við Fossárvík er hann kominn niður undir sjávarmál.

Nokkur skriðuhætta virðist vera á stallinum, og getur sums staðar að líta, hvar skriður hafa hlaupið yfir hann þveran.

Ísingarhætta er sögð nokkur út hjá Teigarhorni, og gæti því hugsast, að sú hætta væri fyrir hendi, þar sem línan kemur ofan af hálsinum, en þar stendur hún nokkuð þvert fyrir vindi af hafi (Myndir 22-28).

MÆLAR AL.345-AL.388

- AL.345 Sjá mælibækur.
- AL.356 Horn. Blásnar malarflatir. Hér mun aðveitustöð Djúpavogs koma. Mýri, 1 m á fast.
- AL.357 Mýri (M2) um 2 m á fast.
- AL.358 Mýri (M1). Lækur í gili.
- AL.359 Mýri (M1) víðast 1-2 m á möl.
- AL.360-
AL.376 Sjá mælibækur.
- AL.377 Horn. Grýttur melur með steinum, sem oltið hafa úr fjallinu.
- AL.379 Gróin skriða og hrun úr fjalli. Hér er enn 40-50 m breið ung skriða, sem komið hefur úr fjallinu og runnið þvert yfir stallinn.
- AL.380 Sama land - mýrar og seyrur.
- AL.381 Grónar skriður. Ung skriða skorin. Þessi skriða er eldri en hinar tvær. Hún fer þvert yfir stallinn.
- AL.382-
AL.386 Stallurinn áfram, en telst enda við AL.387. Stallur þessi er víðast um 200 m breiður. Alls staðar er grjót í yfirborðinu, en víðast grunnt á klöpp. Skriðuhættan er augljós. Auk þeirra ungu skriðna, sem upp hafa verið taldar, eru fleiri eldri.

AL.387-

AL.388 Sjá mælibækur.

Prófíllinn endar við AL.389.

STARMÝRARFJÖRDUR

Til greina kemur að fara með Austurlínu um Starmýrarfjörur og sleppa þá við krókinn inn fyrir Álftafjörð og Hamarsfjörð. Þetta myndi stytta línuna um 13 km auk þess sem línustæðið er allt miklu auðveldara yfirferðar og staurosetningin auðunnin. Þarna er því um að ræða feikilegan sparnað við línulögnina. Miklir annmarkar eru þó á þessari leið.

Starmýrarfjörur eru lágt sandrif sem liggur úti fyrir Álftafirði og Hamarsfirði. Hæð þeirra yfir sjávarmáli er ekki nema 1-2 m á stórstraumsflóði. Breidd þeirra er þá um 3-400 m. Á nokkrum stöðum standa klettur upp úr sandinum. Á tveimur stöðum eru fjörurnar skornar af sundum úti fyrir Melrakkanesi, Melrakkanesósi, og síðan við norðurströnd Hamrsfjarðar, Djúpasundi. Bæði eru þessi sund rúmir 600 m á breidd. Vegna sjávarfalla streymir sjór út og inn um þessa ósa á víxl. Oft er mikill straumur í þeim og líkjast þeir þá beljandi stórfljótum.

Aður en línunni verður valinn staður á Starmýrarfjörum þarf að kanna fjölmörg atriði sem hvert fyrir sig gætu valdið því að fara yrði með línuna aðra leið.

ÍSING OG SELTA. Um leið og eitthvað brimar við sandinn stendur línan í sárökinu. Seltan getur valdið skammhlaupi í línunni og á veturnum er ísingarhattan alltaf yfirvofandi.

HAFRÓT. Í stórviðrum, sérstaklega ef saman fara vindur af hafi og flóð, brýtur yfir fjörurnar. Kunnugir vilja álíta að allt afl sé farið úr öldunni þegar inn yfir hákambinn er komið. Breytingar hafa þó stundum orðið á fjörunum eftir slík veður.

UNDIRSTÖÐUR STAURANNA. Fjörurnar eru gerðar úr fínum sandi., sem fýkur saman í öldur allt að meters háar. Jarðvatns eða jarðsjávar dýpt milli aldnanna er nokkuð breytileg milli flóðs og fjöru, en víkur þó aldrei langt frá 1/2 m á háfjörुकambinum.

Ókannað er hvernig staurar standa í svona jarðvegi en marga grunar að þeir kunni að skekkjast og losna með tímanum vegna frostverkana í sandinum. Ef nauðsynlegt þykir að hlaða hér kringum staurana er hægt að sprengja grjót úr klettunum á sandinum. Hins vegar gæti verið erfitt að gera gryfjur kringum þá til að hlaða að þeim í svona blautum sandi.

ÍS. Vart verður hjá því komist að línan lendi á köflum á sandi sem flæðir yfir á háflóði, t.d. í Þvottareyjum þar sem svo háttar til gæti stafað hættur af ísreki og svellalögum á vetrum.

SUNDIN. Nokkurt vandamál verður að koma línunni yfir Melrkakanesós. Þar er rúmlega 600 m haf yfir. Sunnan megin er klettur við ósinn en að norðan einungis laus sandurinn og hvergi fast að finna undir.

Við Djúpasund eru klettur báðu megin.

Tilraunalínan sem reist var á Starmýrarfjöllum í haust getur svarað að nokkru spurningunum um ísingu, stöðugleika stauranna í sandinum og etv. því, hvort hafrót og brim yfir sandinn er hættulegt.

UM HLUTVERK JARÐFRÆÐINGS.

Jarðfræðileg könnun línustæðis fyrir tréstauralínu er einfalt verk og sjaldgæft að þeim sem hana gerir mæti nokkur þau vandamía, sem glöggur leikmaður getur ekki leyst. A.m.k. er könnuninni örugglega ágætlega borgið í höndum jarðfræðinema á 1. eða 2. ári.

Ég ætla nú að lýsa nánar, hvernig könnun línustæðisins, var framkvæmd í sumar ef vera mætti að einhver hefði gagn af því síðar. Ég veigra mér raunar halfvegis við að kalla þetta jarðfræðilega könnun því þetta er vægast sagt yfirborðskennd rannsókn.

Þegar línu (þ.e. tréstaurlínu) er upphaflega valin staður eru það sjaldnast jarðfræðilegir þættir sem ráða legu hennar. Hinir ráðandi þættir eru miklu fremur náttúruverndarsjónarmið, vilji landeigenda. Tæknileg sjónarmið í sambandi við línubygginguna veðurfarsástæður o.þ.h. Rétt er þó að hafa jarðfræðinga með í ráðum þegar línustæði er valið.

Hlutverk þess, sem gerir hina "jarðfræðilegu" könnun er því aðallega fólgið í því að gera lýsingu á jarðvegi og aðstæðum á línustæðinu sem síðan er höfð til hliðsjónar, þegar staurastæði eru valin.

Í sumar var það þannig, að ég fylgdi eftir þeim sem hlaðsettu og punktuði niður hjá mér lauslega lýsingu á línustæðinu í sérhverju mælibili og staðsetti lýsinguna bæði eftir hælánúmeri og kennileitum í landslaginu, þar sem það var auðvelt. Jarðvegisdýptina athugaði ég með 220 cm löngum stálteini. Reyndist hann hið nytsamasta verkfæri. Raunar gengur hann aðeins í mjúk jarðlög. Um dýpt á klöpp í mel eða undir eyrum er ekki hægt að segja má reyndar oftast einu gilda. Hins vegar er gagnlegt að vita eitthvað um dýpt á klöpp eða fastan jarðveg undir mýrum eða landi sem lítið hald er í. Ef það dýpi fer mikið yfir 2 m er sú þekking þó fánýt.

Þar sem hættur virtust steðja að línunni s.s. af vötnum skriðum, snjóflóðum, ísingu eða öðru slíku, reyndi ég að gera grein fyrir þeim. Reyndist mér vel að hafa tal af bændum og staðkunnugum mönnum í slíkum tilvikum, sétstaklega þegar um ísingu var að ræða.

Jarðfræðikönnunin og samningsgerð við bændur fara því vel saman. Ljósmyndir voru teknar af öllu línustæðinu. Um gagnsemi þeirra vil ég fátt segja. Sjálfur notaði ég þær lítið við skýrslugerðina.

Þessi jarðfræðikönnun á ekki að taka lengri tíma en svo að könnuðurinn hafi nokkurn veginn við hælasetningar-
mönnum. Þegar þeir svo snúa sér að prófílmælingu liggur beint við að hann fari í það með þeim.

Þegar að skýrslugerðinni kemur tel ég rétt að byrjað sé á því að samræma og bæta jarðvegslýsingarnar í mælibók-
unum svo sem kostur er eftir þeim nótum sem jarðfræði-
könnuðurinn hefur skrifað hjá sér. Auka upplýsingar koma svo fram í skýrslunni.



1. mynd: Upphafspunktur mælingarinnar austan við bæinn Dynjanda í Hornafirði. Til vinstri ratur Skálarhnjúks, t.h. Stokksnesið og herstöðin. Grjótdreifin fremst á myndinni er úr Skálarhnjúk.



2. mynd: Hornflagg Al.038 neðan við Almannaskarð. Þarna þarf línan að klifra upp ca. 150 m háa hlið.



3. mynd: er tekin úr AL.040 niður Skarðsdal. Línan sker þjóðveginn um bílana tvo. Þar dregur Þórhallur Rússann, bilaðan, til Hafnar. 100 m ofan við veg sveigir línan niður dal.



4. mynd: Kýrnar í Efra-Firði vinna spjöll á hronflaggi AL.054. Þarna liggur línan á gömlum líparít-eyrum.



5. mynd er tekin frá horni AL.062 undir Fjarðarheiði. Reyðarártindur fyrir miðju.




6. mynd: Frá hornpunkti AL.079 við Volasel, horft til austurs. Hornið á miðri myndinni er í Þorvaldshöfða út á Jökulsáraurum. Úr Þorvaldshöfða gengur línan bein yfir að Hraunkoti að AL.097.



7. mynd: Úr horni AL.097 í nágrenni Hraunkots í Lóni. Séð til vesturs. Þorvaldshöfði er á miðri mynd. Vestra-Horn í baksýn.



8. mynd: Úr AL.097, horft til austurs að Reyðartindi.




9. mynd: Horft vestur yfir Lón úr AL.118 skammt austan Reyðarár.



10. mynd: Lónsheiði, séð neðan úr Lóni.



11. mynd: Lónsheiði. Neðarlega til hægri stendur kíkirinn í horni AL.160. Sér á háheððina í skarðinu.



12. mynd: Lónsheiði. Kíkir í AL.160. Horft til norðurs.



13. mynd: Tryggvi Þórðarson í AL.168. Línustæðið liggur um grónar urðir á neðri hluta Lónsheiðar.



14. mynd: Frá horni AL.175 á Lónsheiði. Horft yfir Starmýrardal. Þjóðvegurinn hlykkjast upp yfir Vatnshlíð.


Línan þrískur veginn og fer þrisvar yfir ár. Ef farnar verða Starmýrarfjörur, sveigir línan niður Starmýrardal fyrir miðri mynd.



15. mynd: Skriðukeila upp að AL.199 í Álftafirði.
Á myndinni sést ekki, að ógrónar skriður
teygjast langt niður fyrir línustæðið til
beggja handa. Austfjarðarpokan í fjöllum.



16. mynd: Skriðukeilur við AL.201-AL.202. AL.202 sést
á myndinni.



17. mynd: Frá AL.218 á Hærkollsnesi. Horft suður yfir
mynni Flugustaðadals.




18. mynd er tekin nálægt AL:221 á Hærkollsnesi.
Horft norður yfir Geithellnadal.



19. mynd. Hér fer línan ofan túns hjá bænum Blábjörgum, Álftafirði.



20. mynd: Myndin er tekin úr horni AL.284, þar sem línan sveigir inn í Hamarsfjörð. Á myndinni sér hins vegar fyrir Melrakknes. Þarna er land illt yfirferðar. Austfjarðapokan hangir yfir.



21. mynd er tekin úr hæl 287 við utanverðan Hamarsfjörð. Horft inn með firði.




22. mynd: Hornflagg AL.356 innan við Teigarhorn í Beru-
firði. Hér sést, hvar línan kemur ofan Hálsa.
Fremst á myndinni er fyrirhugað að aðveitustöð
fyrir Djúpavog komi (þ.e.a.s. fari línan ekki
Starmýrarfjörur).



23. mynd er tekin úr horninu AL.356 innan við Teigarhorn (sjá 22. mynd). Hér sést, hvar línan gengur inn Berufjörð.



24. mynd: Línustæðið utan við Urðarteig. Mælingamaður í horninu AL.368. *Raukt.*



25. mynd Tekin frá AL.373 út og upp af Urðarteigi. Hér gengur línan til fjalls upp á breiða stallinn ofan við Uraðteig.




26. mynd: "Breiði stallurinn". Flaggið er í horni AL.377.



27. mynd: Nokkur skriðuhætta er á stallinum. Myndin sýnir unga skriðu, sem farið hefur þvert yfir hann.



28. mynd er tekin nálægt AL.383, þar sem stallurinn breiði hallar niður að Berufirði.



29. mynd Tekin úr mynni Starmýrardals, ofan Starmýrar. Í baksýn sér út á Starmýrarfjörur.



30. mynd: Starmýrarfjörur, séðar frá Blábjörgum í Álftafirði. Óseyjar fyrir miðju.



31. mynd: Starmýrarfjörur. Myndin er tekin úr Hrómundarey. Horft til suðurs.



32. mynd: Á fjöru stendur eyjan á myndinni langt upp á sandi. Upphaflega höfðum við hugsað okkur að hafa á henni horn, en á stórstraumsflóðinu, 16. ágúst, kom í ljós, að sjór gengur langt upp fyrir hana (Myndin tekin 16. ágúst, kl. 16⁰⁰.).



33.mynd: Sandskaflar á Starmýrarfjörum.



34.mynd: Sandskaflar á Starmýrarfjörum.



35.mynd: Myndin tekin til norðurs úr hornum ST.078 og sýnir, hvar línan fer yfir Melrakkanesós.



36.mynd: Hornstæðið ST.083 á sandinum í Stapaey. Horft yfir rúmlega 600 m breiðan Melrakkanesósinn yfir í Hrómundarey. Á þessari ótryggu undirstöðu þarf að reisa stálmastur.